

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/23/29

frá 17. febrúar 1998

um breytingu á ákvörðun 95/232/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBE til að ákvarða hvaða skilyrði fræ blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfi að uppfylla (*)

(98/173/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 96/72/EB ⁽²⁾, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/232/EB ⁽³⁾ var innleidd tímabundin tilraun með sérstökum skilyrðum í þeim tilgangi að setja skilyrði sem fræ blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfa að uppfylla.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst með tilrauninni, sem lýkur 31. desember 1997, þarf að safna fleiri upplýsingum á vettvangi bandalagsins, þannig að hægt sé að draga ályktanir með tilliti til hugsanlegra síðari breytinga á ákvæðum bandalagsins.

Það er því æskilegt að framlengja tímabil tilraunarinnar með sömu skilyrðum í þeim tilgangi að meta hvort breytingar skuli gerðar á ákvæðum bandalagsins síðar meir.

Brýnt er að samfelldni tilraunarinnar verði ekki rofin.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað „31. desember 1997“ í 3. og 5. mgr. 5. gr. ákvörðunar 95/232/EB komi „31. desember 1998“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. desember 1997.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. febrúar 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 63, 4.3.1998, bls. 30, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 304, 27. 11. 1996, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 154, 5. 7. 1995, bls. 22.